

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 559 21. júlí 1983 um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Falli aðflutningsgjöld í eindaga með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar þau féllu í eindaga skv. 1. mgr. og dráttarvextir jafnframt innheimtir. Dráttarvextir skulu reiknaðir af aðflutningsgjöldum eins og þau eru ákveðin samkvæmt þessari málsgrein talið frá og með eindaga og þar til þau eru að fullu greidd og skulu vera sömu dráttarvextir og heimilt er að áskilja skv. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma í skuldaskiptum utan innlánastofnana þar sem formlegir láns samningar eða viðskiptaskilmálar eru ekki fyrir hendi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., og öðlast gildi frá og með 1. september 1985.

*Fjármálaráðuneytið, 12. ágúst 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*